



Handbók skrásetjara Gegnis

Fræðslufundur 26. nóvember 2010

Hildur Gunnlaugsdóttir



Tengsl við skrásetjara

- Umræðupóstlistinn Vanda
 - Skrásetjarar eru skyldugir til að vera á Vöndu
 - Skeytasafnið er aðgengilegt á vef skráningarráðs
- Fræðslufundir skrásetjara
 - Alltaf fjölsóttir
 - Ýmsar aðstæður gera fólki þó erfitt fyrir
 - Upptökum ætlað að miðla dagskránni til fjarstaddra
- Handbók skrásetjara Gagnis

Handbók skrásetjara – fyrsta birting

Handbók skrásetjara Gegnis

Um handbókina

Handbók skrásetjara Gegnis tekur til allrar bókfæðilegrar skráningar í Gegni; skráningar íslenskra gagna og erlendra, hvert sem efnisformið er. Handbókinni er ætlað að stuðla að vönduðum og samræmdum vinnubrögðum. Notendur hennar eru skrásetjarar safna sem aðild eiga að Gegni.

Í ritstjórn handbókarinnar eru þrjú skrásetjarar, starfsmenn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem lögum samkvæmt ber að stuðla að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum. Ritstjórn safnar efni og semur. Aðrir sérfræðingar innan og utan Landsbókasafns leggja hönd á plóg að beiðni ritstjórna eða eftir því sem tilfni gefast.

Handbókin birtist eingöngu á vef. Hún er í stöðugri þróun og efni birt jafnöðum og ritstjórn hefur gengið frá því. Efninu er skipað í fjóra meginkafla – um kerfið, marksníðið, skráningarreglur og hjálpargögn. Skipan efnis getur breyst eftir því sem verkinu miðar eða aðstæður breytast.

Skráning í Gegni er samstarfsverkefni aðildarsafna Gegnis. Bókfæðifærslurnar eru sameiginlegar og bera þau sameiginlega ábyrgð á að skráð sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni. Við skráningu er fylgt alþjóðlegum reglum um skráningu bókfæðilegra upplýsinga (AACR2) og framsetningu þeirra samkvæmt MARC 21 bókfæðistaðlinum, með séríslenskum frávikum sem notuð eru í Gegni og gerð er grein fyrir í þessari handbók. Skrásetjurum ber jafnframt að virða samþykktir skráningarráðs Gegnis og vinna samkvæmt þeim.

Framsetning efnis handbókarinnar miðast við að notendur hennar þekki og noti reglur og staðla um bókfæðilega skráningu. Handbókin á að innihalda hagnýtar upplýsingar um hvaðeina er lýtur að skráningu í Gegni. Samþykktir skráningarráðs um bókfæðilega skráningu verða felldar í efni hennar þar sem við á.

Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri

Ritstjórn Handbókar skrásetjara Gegnis: Hildur Gunnlaugsdóttir,
Monika Magnúsdóttir og Hólfríður Sólveig Hjartardóttir.
Fyrirspurnir og athugasemdir sendist á hask@bok.hi.is
Vefstjóri: Hólfríður Sólveig Hjartardóttir
Síðast uppfært: 20.06.05



Ritstjórn í opnunarteiti



13. maí 2005

- Handbók skrásetjara birt á vefnum <http://hask.bok.hi.is/>
 - Haldið úti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni
- Fyrsta ritstjórn:
 - Hildur Gunnlaugsdóttir, Hólmfríður Sóley Hjartardóttir og Monika Magnúsdóttir
- Núverandi ritstjórn:
 - Hildur Gunnlaugsdóttir, Hólmfríður Sóley Hjartardóttir og Rósfríður Sigvaldadóttir



Ætlað fagfólki

- Framsetning handbókarinnar miðast við að notendur hennar þekki og noti reglur og staðla um bókfræðilega skráningu
- Handbókin á að innihalda hagnýtar upplýsingar um hvaðeina er lýtur að skráningu í Gegni
- Samþykktir skráningarráðs um bókfræðilega skráningu eru felldar í efni hennar þar sem við á.

Mikilvægt að fylgjast með

- Skrásetjurum ber að virða samþykktir skráningarráðs Gegnis og vinna samkvæmt þeim
- Upphaflega var ætlunin að fjalla sem minnst um skráningarreglur sem slíkar
 - Efni af þeim toga sækir þó á
- Í Haskinu er lögð áhersla á að sýna dæmi í marksniði
- Varasamt að prenta út – innihaldið breytist
 - Stöðugt er unnið að endurbótum milli uppfærslna
 - Nýjum dæmum bætt við

Nokkur atriði um nýjustu uppfærslu

- Leitargluggi
- Listi yfir aðildarsöfn
- Notendanöfn skrásetjara og netföng
 - Netföng þarf að uppfæra, t.d. þegar fólk skiptir um vinnu
- Fundargerðir skráningarráðs og skeytasafn Vöndu
- Reglur um skráningu mismunandi tegunda efnis
 - Rafrænn aðgangur þar og einnig undir Marksnið → 856
- Töflur á PDF-sniði
 - Það eina sem ætlað er til útprentunar

Ábendingar

- Netfang ritstjórnar er ekki sparigripur
 - Það sést í neðstu línu á öllum síðum handbókarinnar
- Hvað vantar í Haskið?
 - Ábendingar um handbókina hask@bok.hi.is
- Ef þarf að lagfæra færslur eða nafnmyndir?
 - Ábendingar um ranga skráningu í Gegni gegnir@bok.hi.is